

Eystrahorn

31. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 16. september 2021

www.eystrahorn.is

Húlladúllan heimsótti Höfn



Sirkuslistakonan Húlladúllan heimsótti Höfn um síðastliðna helgi. Húlladúllan heitir réttu nafni Unnur María Máney Bergsveinsdóttir og er hún sjálfstætt starfandi sirkuslistakona sem er búsett á Ólafsfirði. Hún hefur starfað með Sirkus Íslands og einnig breska sirkusnum Let's Circus. Hún hefur komið fram á ýmsum sirkussýningum í Frakklandi, Bretlandi og Mexíkó. Hún hefur lokið húllakennaranámi og sirkuskennaranámi.

Unnur var með námskeið í sirkuslistum fyrir þá sem höfðu áhuga og var afbragðs mæting, en námskeiðin voru haldin í íþróttahúsinu og voru í boði Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Húlladúllan hélt líka tver sýningar fyrir Hornfirðinga, einnig í boði Menningarmiðstöðvarinnar. Á laugardagskvöldinu sýndi hún glæsilegar eldlistir á Sindravöllum og var mæting mjög góð og skemmti fólks sér vel. Svo var hún með sýninguna Ljósagull í Sindrabæ á sunnudeginum.

Myndirnar tók Tim Junge.

Ég kýs Eystrahorn

Um daginn var ég að taka til og fletta samansafni af ýmsum blöðum, bréfum o.fl. til að losa mig við það sem ekki er ástæða til að halda uppá. Rekst ég þá á kynningarblaðið sem ég dreifði í héraðinu þegar hugmyndin um að endurvekja Eystrahorn var í umræðu haustið 2009. Auðvitað fór ég að lesa þetta blað og rifja upp aðdragandann og hvers vegna ég sló til og lét reyna á útgáfu blaðsins. Blaðið kemur ennþá út tólf árum síðar, með nýjum eiganda, en ég þekki af reynslunni að það er örugglega barningur.

Hugmyndin gekk upp því viðhorf íbúa héraðsins var jákvætt og sömuleiðs stofnana og fyrirtækja sem auglýstu í blaðinu. Svokölluð vildaráskrift/styrktaráskrift sem fólk var tilbúið að greiða skipti sköpum.

Undanfarið hef ég tekið eftir að Eystrahorn birtir auglýsingar frá útgefanda með ábendingu um að styrktaráskriftina. Í samtali við Tjörva, útgefanda og ritsjóra, upplýsti hann mig um að vildaráskrifendum hafi fækkað töluvert. Svo mikið veit ég um rekstrarmöguleika blaðsins að það lifir ekki lengi ef þróunin verður áfram með sama hætti.

Mér rennur svolítið blóðið til skyldunnar og hvet fólki til að lesa vel auglýsinguna og styðja við blaðið, margt smátt gerir eitt stór, á hér svo sannarleg við. Sama gildir um auglýsendur þ.e.a.s. fyrirtæki, stofnanir og aðra sem þurfa að auglýsa eða koma upplýsingum á framfæri.

Albert Eymundsson
Fyrirverandi útgefandi og ritstjóri

Héraðsfréttablað?

Kynningarblað vegna hugmynda um að endurvekja útgáfu Eystrahorns eða að gefa út sambarilegt héraðsblað í Austur-Skaftafellssýslu.



Blað sem beittir bæjarbraginn

Er áhugi á að gefa út héraðsfréttablað í Austur-Skaftafellssýslu?

Um alllangt skeið hefur ekkert héraðsfréttablað verið gefið út í Austur-Skaftafellssýslu. Það fer ekki á milli mála þegar rætt er við íbúa héraðsins að þeir sakna þess

Eftir frumathugas er niðurstaða mín sú að útgáfan gangi því aðeins upp að hún njóti velvilja fjölmargra aðila sem eru tilbúnir að leggja málinu lið.



HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 19. september
Græn messa kl. 11:00
Tímabil sköpunarinnar stendur
yfir í kirkjum landsins. Umhverfið
verður því í forgrunni í tali og
tónum í messunni.
Kaffi og meðlæti að messu
lokinni. Allir velkomnir!



Æviágrip

Ólafur Halldórsson Tjörn



Ólafur Halldórsson fæddist á Mýrum í Hornafirði þann 7. apríl 1951. Hann lést á hjúkrunarheimilinu á Höfn laugardaginn 28. ágúst.

Foreldrar hans voru hjónin Halldór Sæmundsson frá Stórabóli f. 7. janúar 1913, d. 13. maí 1991 og Rósa Ólafsdóttir frá Holtahólum f. 31. mars 1917, d. 21. desember 1995. Þau bjuggu allan sinn búskap á Stórabóli, ásamt börnum, en eftir andlát Halldórs flutti Rósa á Höfn.

Systir Ólafs er Anna Eyrún f. 1954, búsett á Höfn. Hennar maki var Kristján Vífill Karlsson f. 16.8. 1948, d. 10. desember 2018. Börn þeirra eru Svala Björk, Halldór Steinar og Karl Guðni.

Eiginkona Ólafs var Lára María Theódórsdóttir f. 27. ágúst 1962 d. 5. júní 2018. Synir þeirra eru Halldór f. 21. maí 1993 og Agnar f. 16. maí 1995. Þeir eru búsettir á Tjörn, þar sem þeir ólust upp. Unnusta Agnars er Gunnhildur Birna Björnsdóttir f. 1995.

Foreldrar Láru Maríu voru hjónin Theódór Danielsson, kennari f. 2. febrúar 1909, d. 12. september 1984 og Hallveig Kristólína Jónsdóttir, ljósmóðir f. 9. október 1921, d. 12. október 1977. Lára María var einkabarn foreldra sinna.

Ólafur ólst upp við hefðbundinn sveitabúskap en fór ungur til sjós en sinni einnig bíla- og vélavíðgerðum og síðar rak hann sitt eigið fyrirtæki með vörubílum og vinnuvélum. Ólafur var mikill hagleiksmaður og flest verk léku í höndum hans.

Útför Ólafs fór fram frá Hafnarkirkju laugardaginn 4. september.

Halldór og Agnar vilja, fyrir hönd annarra ættingja og vina, þakka auðsýnda samúð og stuðning vegna fráfalls föður þeirra.

Vinir í bata

Fyrirhugað er að bjóða upp á 12 spora starf „Vinir í bata“ í Hafnarkirkju í vetur.

12 sporin eru ætluð öllum þeim sem vilja fara yfir líf sitt með það að markmiði að bæta lífsgæði, óðlast skilning á ómeðvituðum hegðunarmunstrum sem oft eru þróuð í æsku s.s. er ég hvatvís er ég virðingarlauss, læt ég undan vilja annarra án þess að langa það. Skilja innihald samskipta, vinna úr hvers konar áföllum og fleira. 12 sporin hafa nýst vel gegn hvers konar ferringu og afneitun og hafa þar af leiðandi reynst árangursrík leið í baráttunni gegn hvers konar fíkn. Þetta sporastarf er fyrir alla hvort sem menn eru að vinna með fíkn eða annað.

12 spora starfið byggir á trúarlegum grunni og er sprottið frá 12 spora starfi AA-samtakanna. Æðri máttur er stjórnandinn/hvort sem hann er besta útgáfan af einstaklingum sjálfum eða Guð. Fyrsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 15. september og stendur frá kl 17:00-19:00.

Leiðbeinandi í vetur er Sveinbjörg Jónsdóttir djáknakandidat. Ef einhverjar spurningar vakna er sjálfsgaet að hafa samband í síma 869-2364.



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Stjórn Félags eldri Hornfirðinga er að undirbúa vetrardagskrá félagsins og biðjum við ykkur góðu félagar að fylgjast með á facebook-síðu okkar, á töflunni í Ekru og í Eystrahorni. Sameinumst öll um að gera starfið aftur líflegt með því að taka þátt eftir bestu getu.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn



Ertu með frábæra
HUGMYND?
...að nýju viðskiptatækifæri eða
áhugaverðu menningarverkefni?

Kynnið ykkur sjóðinn á www.sass.is/uppbyggingarsjodur

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 5. OKTÓBER, KL. 16:00

WWW.SASS.IS

STYRKIR@SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

**BARNNA
STUND**
4-12 ÁRA

18 SEPT
KL 15-16.30

PROGRAM:

- SPJALL
- SÖNGUR
- LEIKUR
- BIBLIUSAGA
- FÖNDUR
- HRESSING

FRÍTT

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 777 5699
HVÍTASUNNUKIRKJAN LIFANDI VÄTN



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Vinninghafar Sumarlesturs



Vinningshafar í Sumarlestri 2021 eru *Svanborg Rós Jónsdóttir* og *Þórður Breki Guðmundsson*, og fengu þau úttektarnótu hjá Martölvunni.

Einnig voru verðlaunuð með bókargjöf:

Stefán Birgir Bjarnason, Ingibjörg Matilda Arnarsdóttir, Hinrik Guðni Bjarnason, Sara Mekkin Birgisdóttir, Einar Björn Einarsson og Anna Herdís Sigurjónsdóttir.

Sjáumst að sumri



Hér má sjá alla vinningshafana

Óskað er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi 2021

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi. Frestur til tilnefninga er til miðnætis mánudaginn 18. október nk. og þær skal senda á netfangið: menningarverdlaun@sass.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýtt verða til áframhaldandi menningarstarfs á Suðurlandi. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Hestamennska og saga, nám er tækifæri

Nám í hestamennsku hófst formlega í FAS þann 18. ágúst. Námið veitir góða undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum ásamt verklegri þjálfun í hestamennsku. Bóklega námið nú í haust fer fram í fjarnámi sem eykur möguleika og hentar vel fyrir þá sem eru komnir út á vinnumarkaðinn. Það er skemmtilegt hve margir sóttu um en 22 nemendur eru nú skráðir í þetta einstaklingsmiðaða nám. Þetta á að vera góður



undirbúningur fyrir þátttöku í atvinnulífinu í sérhæfðum störfum innan hestamennsku og fyrir háskólanám í hestafræðum. Nú á haustönn er kennt bóklegt nám á 1. þrepi framhaldsskólans. Þá er farið í sögu íslenska hestsins, sjúkdómagreiningu, saga og notkun reiðtygja og gangtegundir íslenska hestsins. Bóklega námið á haustönn er 5 einingar og vinna nemendur 5 – 7 klukkustundir á viku í verkefnum. Allt skipulag kennslu og verkefnavinna bóklega áfangans miðast við að nemendur nýti sér námið í haust þegar kemur að verklega þætti þess eftir áramótin. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist almenna þekkingu og færni í sögu, þjálfun og reiðmennsku íslenska hestsins. Kennari bóklega áfangans er Stefán Sturla en jarningameistarinn Stefán Steinþórsson mun gera verkefni fyrir nemendur um hófa og jarningar og dýralæknirinn Janine Ahrens leiða námið varðandi heilsufræði hrossa. Kennari verklega áfangans sem hefst eftir áramótin er Jasmina Koethe.

 VIDREISN

GEFÐU FRAMTÍÐINNI TÆKIFÆRI

- Lækkum kostnað heimilanna
- Þjónustuvæðum heilbrigðiskerfið
- Sköpum sátt um sjávarútveginn



2. sæti Suðurland
Dórunn Wolfram
Pétursdóttir

1. sæti Suðurland
Guðbrandur
Einarsson

Lónsöræfi

Dagana 1.-3. september fór ég ásamt öllum tíunda bekk í námsferð í Lónsöræfi. Ferðin heppnaðist dýrindis vel, hópurinn hjappaðist mikið saman en það er einn helsti kostur svona ferða, við fengum æðislegt veður alla dagana, sól, logn og hlýtt veður og við skemmtum okkur konunglega.

Ferðin byrjaði á miðvikudagsmorgni þar sem allir mættu upp í skóla og voru tilbúnir í smá jeppaferð ef það er hægt að kalla þetta það. En það voru þau Laufey Guðmundsdóttir, Guðlaugur Jakobsson, Eiríkur Sigurðsson, Reynir Arnarson, Sigurjón Einarsson og Sigurður Guðmundsson sem áttu þann heiður að skutla hópnum inn í Stafafellsfjöll þar sem við stoppuðum svo og löbbaðum um 2 km niður Illakamb og í Múlaskála, þar sem við gistum. Við bárum með okkur allan þann farangur sem var með, ásamt öllum mat fyrir næstu daga en honum var skipt á milli þannig að allir tóku eitthvað. Þegar komið var upp í skála var tekin smá pása, grillað og græjað fyrir gönguna framundan. Kennararnir sem komu með okkur tíunda bekknum voru þau Hulda Björg Sigurðardóttir, Sæmundur Helgason og Þórdís Þórsdóttir og stóðu þau sig líka með þryði að mínu mati.

Til þess að tynast ekki eða eitthvað svoleiðis þurfti einhver að leiða hópinn í göngunum og ferðinni sjálfri. Það var Jón Bragason sem tók að sér það hlutverk, enda hefur hann farið með fleiri, fleiri hópa úr grunnskólanum á Lónsöræfi og þekkir svæðið eins og lófann á sér. Jón sagði okkur alls konar sögur um bæði umhverfið, byggðasögu og búskap í Lónsöræfum, bæði í göngunni sjálfri og líka þegar við stoppuðum í vatns- og nestspásunum. Fyrsta daginn var labbað upp á Viðibrekkusker og tók gangan um 6 tíma. Útsýnið var alveg æðislegt og kom mörgum á óvart.

Kvöldin stóðu upp úr fyrir okkur í tíunda bekknum. Við lékum okkur eins og litlir krakkar, sungum með Sæmundi, dönsuðum



Hópurinn fyrir utan Múlaskála

og sögðum draugasögur, eitthvað sem er í miklu uppáhaldi hjá unglingum, lágum í rúmunum okkar og stöðum út í loftið.

Að morgni fimmtudags var vaknað snemma, græjað og gert og síðan var haldið í Leiðartungur og Tröllakróka. Landslagið og útsýnið þar toppuðu jafnvel útsýnið daginn áður fyrir mörgum en það er afar stórbrotið og sérstakt.

Við sáum margt áhugavert og skemmtilegt í báðum göngunum t.d. skordýr, allskonar gróður, bergmyndanir og fleira.

Þar sem að það var ekkert símasamband og enginn gat hangið mikið í símanum, nema jú til að vera í leikjum, hjappaðist hópurinn mikið saman, eins og áður kom fram. Ekkert símasamband eða netsamband er eitthvað sem við erum ekki vön þannig þetta var mikil

og góð tilbreyting fyrir hópinn. Enda var líka mjög skemmtilegt að fylgjast með á leiðinni heim aftur hvað allir urðu spenntir þegar loksins kom símasamband í tvær mínútur en datt svo aftur út þegar við vorum enn uppi í Stafafellsfjöllum.

Föstudagurinn fór í að ganga frá, þrifa skálann og pakka niður. Við gengum aftur í bílana og þurftum að bera allt með okkur aftur svo sem rusl og annað. Við vorum svo komin niður á Höfn um hádegis bilið.

Samtals löbbaðum við um 30 km, þetta var krefjandi á tímum en allt þess virði á endanum. Við krakkarnir töludu oft um þá tilfinningu sem maður fær eftir að klára erfiða æfingu eða göngu eins og þarna. Stolt og gleði ásamt þreytu. Eftir labbið get ég sagt ykkur að margir voru orðnir þreyttir og komnir með blöðrur og hælssæri.

Ferðin var mjög lærdómsrik þannig að ég ákvað að spyrja nemendur í bekknum hvað þau lærðu og nokkur svör voru, t.d. hvernig maður á að vera sjálfbjarga í svona aðstæðum - óbyggðum, hvernig á að pakka fyrir svona ferðir bæði varðandi mat og fatnað, mikið um allskonar gróður og gróðurtegundir, hvernig á að tækla hælssæri og blöðrur, hvað fólk þurfti að labba langar vegalengdir í gamla daga til þess að komast á milli staða og svo einnig mörg ný lög í söngstundunum með Sæmundi kennara.

Að lokum við ég þakka bekkjarfélögum mínum fyrir frábæra ferð, kennurunum og Jóni fyrir samveruna og fræðsluna og öllum þeim sem komu að skipulagningu og skutli í ferðinni. Við erum sérlega heppin að hafa svona stórkostlega og stórbrotna náttúru rétt við bæinn okkar.

Fyrir hönd 10. bekkjar 2021

Emma Ýr Friðriksdóttir



Náttúran er stórbrotin

Kjósum VG
25. september

Við stöndum vörð um ósnortna náttúru

VG húsbíllinn verður á Höfn,
sunnudaginn 19. september

Fylgist með okkur á Facebooksíðu
VG í Suðurkjördæmi

Frambjóðendur verða með heitt á könnunni
Öll velkomin



1. sæti
Hólmfríður Árnadóttir



2. sæti
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir



3. sæti
Sigrún Birna Steinarsdóttir



VINSTRI GRÆN

XV
25. sept.



FRAMSÓKN VILL

- Dýpka Grynnslin og halda áfram að efla samgöngur
- Fjölga tækifærum í ferðapjónustu og skapa atvinnu heima fyrir
- Hert tolleftirlit og stofna nýtt landbúnaðarráðuneyti

Við byggjum brýr



Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir kosningar til Alþingis 25. september 2021.

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns og hjá sérstökum kjörstjórum

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00 og hjá sérstökum kjörstjórum á áður auglýstum opnunartíma. Sjá www.syslumenn.is

Lengdur opnunartími á sýsluskrifstofum

Síðustu vikur fyrir kosningar verður opnunartími lengdur á skrifstofum embættisins sem hér segir:

Selfoss, Hörðuvellir 1:

- 15.-17. september kl. 09:00-16:00.
- Laugardaginn 18. september kl. 10:00-12:00.
- 20. – 24. september kl. 09:00-18:00.
- Kjördagur, 25. september kl. 10:00-12:00.

Hvolsvöllur, Austurvegur 6:

- 20.-22. september kl. 09:00-16:00.
- 23.-24. september kl. 09:00-18:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 25. september kl. 10:00-12:00.

Vík í Mýrdal, Ránarbraut 1:

- 20.-22. september kl. 09:00-16:00.
- 23.-24. september kl. 09:00-18:00.
- Kjördagur 25. september vaktími 897-1441 opinn milli kl. 10:00-12:00.

Höfn í Hornafirði, Hafnarbraut 36

- 20.-23. september kl. 18:00-20:00 (auk hefðbundins opnunartíma 09:00-15:00).
- 24. september kl. 09:00-17:00.
- Kjördagur 25. september, vaktími 862-7095 opinn milli kl. 10:00-12:00.

Ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Kosning á sjúkrahöfnunum

Sjá auglýsingu á www.kosning.is og www.syslumenn.is

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 23. september n.k. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni www.kosning.is og skal sent á netfangið sudurland@syslumenn.is eða afhent á einni af starfsstöðvum sýslumanns.

Kosning í sóttkví eða einangrun vegna COVID-19 farsóttarinnar

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla ætluð þeim sem ekki geta sótt kjörfund á kjördag eða greitt atkvæði á þeim stað þar sem regluleg utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram sökum þess að þeir eru í sóttkví eða einangrun vegna COVID-19-farsóttarinnar fer fram á eftirtöldum stöðum og tíma:

Selfoss

Í bílakjallara í húsnæði Krónunnar Austurvegi 5:
22.-23. september kl. 16:00-17:00.
24. september kl. 16:00-18:00.
Kjördag 25. september kl. 10:00-12:00.

Höfn í Hornafirði

Slökkvistöðinni Höfn, Álaleiru 2
Föstudaginn 24. september kl. 15:00-16:00.
Kjördag, 25. september kl. 12:00-13:00.

Kjósandi sem er í sóttkví eða einangrun vegna COVID-19-farsóttarinnar telst hvorki fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt né undirrita fylgibréfið og því skal kjörstjóri veita honum aðstoð við það án þess að nokkur annar sjái.

Kjósundur mæti til atkvæðagreiðslu í bifreiðum sínum. Þeim er óheimilt að yfirgefa bifreið sína eða opna rúðu bifreiðarinnar við atkvæðagreiðsluna. Um nánari framkvæmd og leiðbeiningar til kjósenda verður unnt að lesa á www.kosning.is eða www.syslumenn.is þegar nær dregur kosningum.

Athugið að opnunartími bifreiðakosningar kann að taka breytingum í ljósi þróunar á fjölda einstaklinga í einangrun eða sóttkví í umdæminu. Breytist opnunartími verður hann uppfærður á www.syslumenn.is og á Facebook-síðu embættisins.

Heimakosning í einangrun eða sóttkví vegna COVID-19 farsóttarinnar verður auglýst síðar.

Kosning um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má fá á www.kosning.is eða www.syslumenn.is Við vekjum einnig athygli á Facebook-síðu embættisins þar sem jafnan má nálgast nýjustu tilkynningar vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í umdæminu.

Nauðsynlegt er að kjósundur hafi meðferðis gild persónuskilríki við atkvæðagreiðslu.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi



Kosningaskrifstofa


Kosningarskrifstofa Framsóknarflokksins verður opnuð sunnudaginn 19. september í gömlu sundlauginni frá kl. 15:00 til 17:00. Vöflukaffi.

Opnunartími skrifstofunnar verður dagana 21.-24. september frá kl. 17:00 til kl. 19:00 Allir velkomnir



Gróður á lóðarmörkum

Yfirlitsmynd af hæðarmörkum trjágróðurs



Mikilvægt er að garðeigendur tryggji að gróður á lóðarmörkum hindri ekki framkvæmdir.

Garðeigendur þurfa að klippa trjágróður sem vex út fyrir lóðarmörk svo hann hindri ekki aðgengi tækja og frágang þar sem framkvæmdir hafa verið í sumar.

Við biðlum til fólks að fara vel yfir gróðurinn sem stendur við lóðarmörk og fjarlægja það sem þarf.

Bent er á að í byggingarreglugerð segir að lóðahafa sé skylt að halda vexti trjáa eða runna á lóðinni innan lóðamarka. Sinni hann því ekki og þar sem vöxtur trjáa eða runna fer út fyrir lóðarmörk við götu, gangstíga eða opin svæði er veghaldara eða umráðamanni svæðis heimilt að fjarlægja þann hluta er truflun eða óþrýði veldur, á kostnað lóðahafa að undangenginni aðvörun.

Vinsamlega hafið í huga að þegar trjágróður hylur umferðarskilti, takmarkar framkvæmdir í göturýminu, hindrar gangandi vegfarendur eða dregur úr götulýsingu þarf að bregðast við.

Gott er að leita til fagfólks um ráðgjöf t.d. þegar kemur að klippingu stórra trjáa eða þegar vafi leikur á um umhirdu trjágróðurs, til að koma í veg fyrir mögulegar skemmdir.



Hefur þú séð tröllasmið/tordýflamóður?

Náttúrustofa Suðausturlands vinnur að kortlagningu á útbreiðslu tröllasmiðs og leitar því upplýsinga um fundarstaði. Tröllasmiðurinn er stærsta skordýr í íslenskri náttúru (utan nýbúans varmasmiðs) og er um 21-22 mm langur. Tröllasmiðinn finnst einungis á svæðinu frá Hoffelli suður og austur fyrir Almannaskarð. Vísbendingar eru um að honum sé að fækka og því hvetjum við fólk til að umgangast þá varlega og gæta þess að valda þeim ekki skaða.

Hafir þú séð, eða veist af slíku, máttu hafa samband á info@natts.is eða í síma 4708060 með upplýsingum um fundarstað og tímasetningu, gott væri ef mynd gæti fylgt.



Ungmennafélagið Sindri - Stundatöflur

Meðfylgjandi er dagskrá fyrir íþróttastarf Sindra núna í haust og vonumst við til að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

UMF. Sindri



Íþróttahús Heppuskóli

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur		Laugardagur		Sunnudagur	
07:00	Karfa mfl. Ka.	07:00	Karfa mfl. Ka.	07:00		07:00		07:00	Karfa mfl. Ka.	07:00		07:00	
08:10		08:10		08:10		08:10		08:10		08:10		08:00	
09:30		10:00		12:20		10:00		10:00		10:00	Frjálsar 1-4 bekkur	10:20	Leikskólalöbóti
10:20		12:30		13:00		12:30		12:30		11:00	Frjálsar 5-10 bekkur	11:00	Karfa 1-3 bekkur
13:40		13:40		13:40	Karfa 1-3 bekkur	14:00	Blak 1-4 bekkur	13:00		12:00	Íþróttir 16-26 ára	12:15	Karfa 1-3 bekkur
14:20	Karfa 1-3 bekkur	14:20	Karfa 4-6 bekkur	14:20	Karfa 4-6 bekkur	14:20	Blak 5-6 bekkur	14:00		13:00	Karfa old boys	13:30	Karfa mfl. Kv.
15:10	Karfa 4-6 bekkur	15:10	Karfa 7-10 bekkur +	15:10	Karfa 7-10 bekkur +	15:00	Blak 7-10 bekkur	14:20	Fiml. 5-7 bekkur	14:00	Karfa 7-10 bekkur +	14:45	Karfa kk 7-10 bekkur +
16:00	Blak 1-6 bekkur	16:00	Frjálsar 1-7 bekkur	16:00	Karfa 7-10 bekkur +	16:30	Karfa 7-10 bekkur +	15:50	Fiml. 3-4 bekkur kk	15:00	Karfa mfl. Ka.	15:00	Karfa kk 7-10 bekkur +
16:40	Blak 7-10 bekkur	16:50	Karfa mfl. Ka.	16:50	Karfa mfl. Kv.	17:20	Karfa mfl. Ka.	17:10	Fiml. 3-4 bekkur kvk	16:00	Badminton	16:00	Karfa mfl. Ka.
18:10	Fjölskyldublak	17:40	Karfa mfl. Ka.	17:40	Fiml. 8 bekkur +	18:00	Karfa mfl. Kv.	18:30	Karfa 7-10 bekkur +	17:00	Badminton	17:00	Karfa mfl. Ka.
19:10	Karfa old boys	18:30	Blak mfl. Kv.	18:30	Fiml. 8 bekkur +	18:30	Blak mfl. Ka.	19:50	Karfa mfl. Ka.	18:00	Lokað	18:00	Lokað
20:00	Karfa mfl. Ka.	19:10	Blak mfl. Kv.	19:20	Karfa mfl. Ka.	19:00	Blak mfl. Ka.	20:40	Karfa mfl. Ka.				
20:20	Karfa mfl. Ka.	20:00	Blak mfl. Ka.	20:10	Karfa mfl. Ka.	20:00	Blak mfl. Kv.	21:00	Karfa mfl. Ka.				
21:00	Karfa mfl. Ka.	20:40	Blak mfl. Ka.	21:00	Karfa mfl. Ka.	20:30	Blak mfl. Kv.	21:30	Karfa mfl. Ka.				
21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað	21:50	Lokað				

Mánagarður

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur		Laugardagur		Sunnudagur	
14:20	RÚTUR	14:20	RÚTUR	14:20	RÚTUR	14:20	RÚTUR	14:20	RÚTUR	10:00	Leikskólafiml.		
14:40	Fiml. 5-7 bekkur	14:40	Fiml. 1-2 bekkur	14:40	Fiml. 1-2 bekkur	14:40	Fiml. 3-4 bekkur	14:40	Fiml. 1-2 bekkur	11:00	Leikskólafiml.		
16:10	RÚTUR	15:45	RÚTUR	16:30	Leikskólafiml.								
16:30	Fiml. 8 bekkur +	16:00	Fiml. 3-4 bekkur	16:10		16:10	RÚTUR						
		18:00	Fullorðinsfíleikar			16:20	Fiml. 6 bekkur +						

Sundaug Hafnar

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur		Laugardagur		Sunnudagur	
14:15	Sund 1-2 bekkur					14:15	Sund 1-2 bekkur						
16:00	Sund Garpar		Sund 3-7 bekkur	16:00	Sund Garpar			15:00	Sund 3-7 bekkur				

Báran

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur		Laugardagur		Sunnudagur	
14:45	Fótb. 7-8 bekkur kk (4fl.)	13:40	Fótb. 3-4 bekkur kk&kvk (5fl.)	13:30		13:40	Fótb. 3-4 bekkur kk&kvk (6fl.)	13:40	Fótb. 3-4 bekkur kk&kvk (6fl.)	10:30			
14:45	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	14:45	Fótb. 7-8 bekkur kk (4fl.)	14:40	Fótb. 1-2 bekkur kk&kvk (7fl.)	14:40	Fótb. 1-2 bekkur kk&kvk (7fl.)	15:50	Fótb. 5-6 bekkur kk&kvk (5fl.)	12:00	Fótb. 9-10 bekkur kk (3fl.)		
14:45	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)	14:45	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	15:00	Frjálsar 5-10 bekkur	15:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	17:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	12:00	Fótb. Framhalds. kk (2fl.)	13:00	Golf
		14:45	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)	15:00		15:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	17:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	13:00		14:00	Golf
16:30	Fótb. 5-6 bekkur kk&kvk (5fl.)			16:30	Fótb. 5-6 bekkur kk&kvk (5fl.)	15:00	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)	17:00	Fótb. 7-8 bekkur kvk (4fl.)	14:00			
17:30	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)			17:00		16:15	Fótb. 5-6 bekkur kk&kvk (5fl.)	17:00	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)	15:00			
17:30	Fótb. Framhalds. kk (2fl.)	17:30	Fótb. 9-10 bekkur kk (3fl.)	18:00		17:30	Fótb. 9-10 bekkur kvk (3fl.)	18:00		16:00	Golf	17:00	Fótb. Old boys
20:00	Drottningabolti	17:30	Fótb. Framhalds. kk (2fl.)	19:30	Fótb. Old boys	17:30	Fótb. Framhalds. kk (2fl.)	20:00					

Karfa byrjar 30. ágúst
Blak byrjar 30. ágúst

Frjálsar byrja 1. september
Sund byrjar 3. september

Fíleikar byrja 6. september
Knattpyrna 1-4 bekkur byrjar 30. ágúst

Knattpyrna 5-10 bekkur verður auglýst síðar